139 **Brjef stjórnarráðsins** *til póstmeistarans í Reykjavík* **um rjett landsverkfræðinganna til að nota þjónustufrímerki.**
6. desbr.

Að gefnu tilefni skal yður, herra póstmeistari, hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir póstmönnum, að verkfræðingur sá, sem ráðinn er í þjónustu landsins samkvæmt fjárlögum 20. október 1905, 15. gr. 2. tbl., hefir eins og landsverkfræðingurinn, sem ráðinn er samkvæmt 12. gr. B 1 fjárlaganna, rjett til að nota þjónustufrímerki samkvæmt ákvæðum reglugjörðar 12. október 1903 um viðauka við reglugjörð um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitastjórnum, dagsetta 17. maí 1902.

140 **Brjef stjórnarráðsins** *til sýslumanna og bæjarfógetans í Reykjavík* **um innheimtulaun stranduppboða m. m.**
7. des.

Það hefir þótt athugavert við strandreikninga úr ýmsum lögsagnarumdæmum, að greidd hefir verið af strandfjenu þóknun handa umboðsmanni, er settur hefir verið fyrir hlutaðeigandi ábyrgðarfjelög, ef þau hafa eigi haft reglulegan umboðsmann á staðnum, og ennfremur, að greitt hefir verið af andvirði strandgóssins bæði uppboðssölugjald og uppboðsinnheimtulaun. Þar sem lögreglustjóri á sjálfur að gæta hagsmuna hluðaðeiganda allra, sem fjarverandi eru, virðist það vera óþarft að setja slíka umboðsmenn, sem að ofan er getið um, enda er það venjulegast að eins til málamynda, og má eigi framvegis greiða af strandfje neitt fyrir slíka umboðsmennsku, og með því að það þykir hvorki eðlilegt nje í góðu samræmi við strandlögin (sbr. sjerstaklega 18 gr. 1. i.f.) að greiða af andvirði strandgóssins uppboðsinnheimtulaun, ber að haga svo til framvegis, að kaupendur á stranduppboðum beri þenna kostnað.

Þetta er yður, herra sýslumaður (bæjarfógeti), til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og eptirbreytni.